

Reglugerð um Unglingameistaramót Íslands

1. Unglingameistaramót Íslands í alpagreinum skal fara fram ár hvert nema veður og aðrar ástæður hamli. Ekki skal halda mótið á sama stað og Skíðamót Íslands í alpagreinum.
2. Þau aðildarfélög er vilja hafa á hendi framkvæmd mótsins skulu senda umsókn um það til SKÍ fyrir 15.apríl. Umsókninni skal fylgja áætlun um framkvæmd mótsins, aðstöðu keppenda og gesta. Mótsstaður fyrir Unglingameistaramót Íslands skal ákveðinn á Skíðapingi tvö ár fram í tímann. Stjórn SKÍ skal hitta mótshaldara haustið fyrir mót, eigi síðar en 1.október. Fara skal yfir undirbúning, dagskrá og umgjörð.
3. Mótshaldara ber að senda öllum aðildarfélögum SKÍ boð um þátttöku ásamt upplýsingum um framkvæmd mótsins. Auglýsa skal mótið með lágmarks tveggja mánaða fyrirvara. Að öðru leyti skal fara eftir reglugerð um keppnishald SKÍ.
4. Eftirlitsmenn skulu vera skv. reglugerð um eftirlitsmenn og dómara.
5. Í leikskrá og skýrslum mótsins skal tilgreina aðildarfélag sem keppandi keppir fyrir. Til þess að keppni geti farið fram þarf lágmarksþátttaka að vera a.m.k. þrjú keppendur í viðkomandi keppnisgrein. Stjórn SKÍ er heimilt að gefa undanþágu frá reglunni.
6. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og eru þau ekki afturkræf ef hann er á ráslista.
7. Keppa skal í eftirtöldum greinum:

Alpagreinar			
Svig	12-13 ára	14-15 ára	Piltar og stúlkur
Stórsvig	12-13 ára	14-15 ára	Piltar og stúlkur
Alpatvíkeppni	12-13 ára	14-15 ára	Piltar og stúlkur
Samhliðasvig	12-13 ára	14-15 ára	Piltar og stúlkur

8. Á Unglingameistaramóti verði krýndir unglíngameistarar í eftirfarandi flokkum:
 - Unglíngameistari 12-13 ára pílta og stúlkna í svigi, stórsvigi, alpatvíkeppni og samhliðasvigi.
 - Unglíngameistari 14-15 ára pílta og stúlkna í svigi, stórsvigi, alpatvíkeppni og samhliðasvigi.

Verðlaun verða ekki fleiri en 15% af fjölda ráshóps, þó ekki færri en þrjú og ekki fleiri en sex verðlaun í hverjum flokki.

9. Að öðru leyti gilda reglur FIS.